

Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf

verður haldinn 13. mars 2014

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. boðar til aðalfundar í félaginu og verður hann haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík, fimmtudaginn 13. mars 2014 og hefst hann stundvíslega kl. 15:00.

Drög að dagskrá fundarins eru svohljóðandi:

- ▶ 1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
- ▶ 2. Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs.
- ▶ 3. Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir hið liðna ár.
- ▶ 4. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins.
„Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf. þann 13. mars 2014 samþykkir að fella 2. mgr. 7. gr. samþykktu félagsins úr gildi, en að öðru leyti verði samþykktir óbreyttar.“
- ▶ 5. Kosið í stjórn félagsins.
- ▶ 6. Kosning endurskoðunarfélags í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi.
- ▶ 7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarinnar.
- ▶ 8. Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu.
- ▶ 9. Tillaga um heimild til að kaupa eigin hluti.
„Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf. þann 13. mars 2014 heimilar stjórn félagsins að kaupa á næstu fimm árum hluti í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé þess. Endurgjald fyrir keypta hluti skal miðast við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en samningur er gerður. Heimild þessi byggir á ákvæðum 55. gr. laga nr. 2/1995.“
- ▶ 10. Önnur mál

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá, leggja fram ályktunartillögur og spyrja spurninga, með skriflegum eða rafrænum hætti, uns endanleg dagskrá og tillögur eru birtar fimmtudaginn 27. febrúar 2014. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins: www.vis.is/fjarfestar.

Einungis ef krafa kemur frá einhverjum fundarmanna verða atkvæðagreiðslur á aðalfundi skriflegar.

Þó skal stjórnarkjör jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri stjórnarmenn en kjósa skal. Stjórnarkjör fer fram skv. hlutfallskosningu eftir samþykktum félagsins.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist

á heimili félagsins a.m.k. fimm dögum fyrir auglýstan aðalfund. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sína á heimili félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði.

Aðalfundur er lögmatgur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Frestur til að tilkynna um framboð til stjórnar lýkur fimm dögum fyrir aðalfund. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Upplýsingarnar verða auk þess aðgengilegar á vefsíðu félagsins, www.vis.is/fjarfestar.

Endanleg dagskrá og skjöl sem lögð verða fyrir aðalfund verða birt á vefsíðu félagsins þann 27. febrúar 2014 og munu liggja frammi á skrifstofu þess að Ármúla 3, 108 Reykjavík, frá sama tíma.

Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 20. febrúar 2014.

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf.

